

Mánudaginn 27. janúar 1936.

Nr. 53/1935. **Björgvin Bjarnason**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Ólafi Gíslasyni & Co.
(Garðar Þorsteinsson).

Frávísun.

Dómur gestaréttar Ísafjarðar 4. marz 1935: Stefnur Björgvin Bjarnason, greiði stefnandanum, Óskari Borg f. h. Ólafur Gíslason & Co., kr. 1109.10 með 7% ársvöxtum frá 14. júní 1931 til greiðsludags, kr. 28.40 í afsagnarkostnað, kr. 78.50 í matskostnað og kr. 75.00 í málskostnað, allt innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir hér fyrir dómi gert þá aðalkröfu, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda í máli þessu, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum. Til vara hefir hann krafizt niðurfærslu á hinni dæmdu kröfu um kr. 228.02, eða aðra upphæð eftir mati réttarins, og að málskostnaður fyrir báðum réttum verði þá látinn falla niður.

Stefnur hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Samkvæmt skuldabréfi áfrýjanda frá 14. júní 1931 stefndum til handa, nam skuld hans, út af ábreiðnakaupunum, þá kr. 3411.10, auk afsagnarkostnaðar, sem talinn er kr. 28.40, eða samtals kr. 3439.50. Upp í skuld þessa hefir áfrýjandi greitt í peningum fyrir milligöngu Ingólfs lögfræðings Jónssonar kr. 500.00, og fyrir milligöngu Óskars lögfræðings Borg kr. 1800.00, eða samtals kr.

2300.00. Frá þeirri upphæð hefir stefndur dregið innheimtulaun nefndra lögfræðinga, kr. 100.00 til Ingólfs og kr. 400.00 til Óskars, samtals kr. 500.00, en fært afganginn, kr. 1800.00, áfrýjanda til tekna. Áfrýjandi hefir, bæði í héraði og hér fyrir rétti, mótmælt innheimtulaunum þessum í heild sem of háum, og er niðurfærslukrafa hans við það miðuð. Aðiljum virðist þó koma saman um það, að þóknunin til Ingólfs geti talist hæfileg, miðað við það, að hann, auk nefndrar innheimtu, samdi skulda-bréf fyrir allri skuldinni, er hann fékk áfrýjanda til að undirrita, og tók hjá honum handveð til tryggingar skuldinni í heild. Starf Óskars Borg, er hann reiknar sér nefnda 400 kr. þóknun fyrir, virðist hinsvegar eingöngu hafa verið í því fólgið, að krefja áfrýjanda um greiðslu utan réttar. Og þar eð hann, sem var umboðsmaður stefnds fyrir undirrétti í þessu máli, hefir miðað málskostnaðarkröfu sína í því við eftirstöðvar skuldarinnar, þá verður þegar af þeirri ástæðu ekki álitíð, að reikna beri nefnd innheimtulaun hans, gagnvart áfrýjanda, af hærri upphæð en þeim 1800 kr., sem hann innheimti, og verða þau samkvæmt texta Málflutningsmannafélags Íslands kr. 180.00. Stefndum verður því ekki talið heimilt að draga frá nefndri 2300 kr. greiðslu hærri innheimtukostnað en kr. 280.00 alls. Verður samkvæmt því að telja, að áfrýjandi hafi greitt í peningum upp í skuld sína kr. 2020.00. Er þá afgangur skuldarinnar, þegar sú greiðsla er frá dregin, kr. 1419.50.

Þá hefir stefndur, eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, talið áfrýjanda til tekna upp í skuld hans matsverð ábreiðna þeirra, sem hér fyrir rétti er viðurkennt, að hann hafi haft að handveði, kr.

502.00. Telur stefndur sig hafa tekið veð þetta til eignar, samkv. 22. kap. kaupabálks Jónsbókar, fyrir virðingarverð hinna dómkvöddu manna, sem áfrýjandi sé bundinn við. Áfrýjandi mótmælir því hinsvegar, að stefndur hafi farið að lögum, er hann tók veðið til eignar, án þess að tilkynna áfrýjanda þessa ætlun sína né gera honum aðvart um matsgerðina, áður en hún fór fram. Kveður hann matsverðið, m. a. af þessari ástæðu, ekki vera bindandi fyrir sig.

Í fyrrgreindu skuldabréfi áfrýjanda til stefnds frá 14. júní 1931, er að vísu tekið fram, að standi áfrýjandi ekki í skilum, geti stefndur, „án frekari tilkynningar og án dóms eða sátta, látið selja veðið til lúkningar skuldinni“. Þetta ákvæði nær einungis til þess, að veðið sé selt á opinberu uppboði, að undangenginni auglýsingu, og á það því hvorki beint né óbeint við, er veðið er tekið til eignar eftir virðingu, eins og hér átti sér stað. Nú verður að telja það almenna reglu laga, að þegar mat skal fram fara, sem ákveðinn maður á að vera bundinn við, þá skuli, ef unnt er, tilkynna honum, hvar og hvenær matið á að fara fram, svo að hann geti gætt réttar síns við matsgerðina. Nær þessi regla einnig til þess, er veð er tekið til eignar eftir ofangreindri lagaheimild. Og þar sem upplýst er, að stefndur gætti ekki reglu þessarar, er hann tók veðið til eignar, brestur skilyrði fyrir því, að áfrýjandi sé bundinn við matið. Sem fyrr segir, verður að telja eftirstöðvar hinnar umstefndu skuldar kr. 1419.50. En í máli þessu hefir stefndi aðeins krafizt dóms um kr. 1109.10, og er sú krafa miðuð við það, að eignartaka hans á handveðinu hafi verið lögleg, og að frádráttur hans frá kröfunni á virðingarverði veðsins, kr. 502.00, hafi því

verið bindandi fyrir hann. Stefndur hefir því lagt málið fyrir dóm á röngum grundvelli, með því að honum verður eigi veittur dómur um hærri upphæðina, kr. 1419.50, af því að hann hefir eigi gert kröfu um hana, og dómur honum til handa um lægri kröfuna aðeins, kr. 1109.10, ef til vill að frádregnum ofangreindum kr. 220.00, myndi eigi samrýmast tilgangi hans með höfðun máls þessa, með því að þá væri ódæmt um mismun hærri og lægri upphæðarinnar. Af þessum sökum þykir verða að vísa máli þessu ex officio frá undirrétti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá undirréttinum.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarétti Ísafjarðar af Óskari Borg, cand. juris á Ísafirði, f. h. firmans Ólafur Gíslason & Co í Reykjavík, gegn Björgvin Bjarnasyni, verksmiðjueiganda á Ísafirði, til greiðslu skuldar.

Tildrög máls þessa eru þau, að seint á árinu 1930 keypti stefndur 2 strigaábreiður frá firmanu Joseph Gundry & Co. Bridport, fyrir milligöngu firmans Ólafur Gíslason & Co. Samþykkti stefndur 2 víxla fyrir kaupverðinu, að upphæð samtals 3411.10 íslenskar krónur, en er þeir féllu í gjalddaga gat stefndur ekki greitt þá og voru þeir afsagðir sökum greiðslufalls. Telur stefnandi afsagnarkostnaðinn vera kr. 28.40.

Hinn 14. júní 1931 gefur stefndur út skuldabréf til handa Ólafi Gíslasyni & Co fyrir skuld þessari og afsagnarkostnaði, og skyldi skuldin samkvæmt því greiðast með vissum afborgunum og af henni greiðast 7% vextir. Með

sama bréfi setti stefndur Ólafi Gíslasyni & Co hinar keyptu ábreiður að handveði til tryggingar skaðlausri greiðslu á skuldinni, ásamt vöxtum, innheimtulaunum og kostnaði. Ábreiðurnar voru þó áfram í vörzlum stefnds.

Er til kom stóð stefndur ekki í skilum með greiðslu afborgana skv. fyrrnefndu skuldabréfi og fékk skuldareigandi Ingólfi Jónssyni lögfræðingi á Ísafirði skuldina í hendur til innheimtu.

Um haustið 1931 tók Ingólfur Jónsson ábreiðurnar úr vörzlum stefnds og kom þeim til geymslu hjá Togarafélagi Ísfirðinga h. f. Ísafirði. Síðan voru ábreiðurnar sendar Ólafi Gíslasyni & Co. til Reykjavíkur í janúar 1933.

Hinn 17. október 1931 greiðir stefndur kr. 500.00 til Ingólfs Jónssonar upp í skuld sína við Ólaf Gíslason & Co. og verður eigi séð af skjölum málsins hvort vörzlu-skiptin á ábreiðunum hafi þá verið um garð gengin eða ekki.

Síðan er skuldin fengin í hendur Óskari Borg lögfræðingi til innheimtu og greiðir stefndur honum kr. 1000.00 upp í skuldina 10. okt. 1932 og nokkru síðar kr. 800.00. Af þessum greiðslum, samtals kr. 2300.00 hefir Ólafur Gíslason & Co tekið kr. 100.00 til greiðslu á innheimtulaunum og kostnaði Ingólfs Jónssonar og kr. 400.00 til greiðslu á innheimtulaunum og kostnaði Óskars Borg, en afganginn kr. 1800.00 upp í greiðslu á höfuðstól fyrrnefnds skuldabréfs.

28. marz 1933 fékk Ólafur Gíslason & Co. dómkvadda 2 menn í Reykjavík til að virða ábreiðurnar. 12. apríl sama ár framkvæmdu þeir virðinguna og virtu ábreiðurnar á kr. 502.00. Síðan tók firmað Ólafur Gíslason & Co ábreiðurnar til eignar fyrir virðingarverðið og tók það sem greiðslu upp í skuld stefnds skv. skuldabréfinu frá 14. júní 1931.

Stefnandi telur að stefndur hafi þannig greitt sér innheimtukostnaðinn til tveggja fyrrnefndra lögfræðinga, er stefndur hafi skv. ákvæðum skuldabréfsins borið að greiða sér að skaðlausu, og kr. 2302.00 upp í höfuðstól skuldabréfsins.

Í máli þessu gerir stefnandi þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér eftirstöðvar höfuðstóls skuldabréfsins skv. framansögðu kr. 1109.10 ásamt 7% árs-

vöxtum af þeirri upphæð frá 14. júní 1931 til greiðsludags og vöxtum frá 14. júní 1931 af upphæðum þeim, er stefndur hefir greitt til greiðsludaga þeirra upphæða.

Einnig krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér afsagnarkostnað fyrrgreindra vixla kr. 28.40, og kostnað við útnefningu og matsgerð hinna dómkvöddu virðingarmanna kr. 78.50, svo og málskostnað að skaðlausu í máli þessu, er samkvæmt framlögðum reikningi er að upphæð kr. 167.00.

Stefndur hefir hinsvegar krafizt þess að hann verði algerlaga sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. reikningi að upphæð kr. 159.00, eða til vara eftir mati réttarins. Loks hefir hann krafizt þess að stefnandi verði dæmdur í hæstu sekt fyrir óþarfa málsýfingu.

Kröfur sínar byggir stefndur á því, að sökum þess hve dregizt hafi að Ólafur Gíslason & Co. tækju í sínar vörzlur fyrrnefndar ábreiður, hafi handveðsréttur sá, er um ræðir í skuldabréfinu frá 14. júní 1931 aldrei stofnast, og hafi því verið um að ræða ólöglega sjálfstöku er skuldareigandi lét haustið 1931 taka ábreiðurnar úr vörzlum stefnds. Ennfremur hafi Ólafur Gíslason & Co. geymt ábreiðurnar illa, svo að þær hafi skemmst, enda hafi þær verið notaðar meðan þær voru í geymslu hjá Togarafélagi Ísfirðinga h/f. Hafi ábreiðurnar því orðið fyrir miklum skemmdum frá því þær voru teknar úr vörzlum stefnds þar til þær voru metnar af hinum dómkvöddu mönnum. Loks heldur stefndur því fram, að þó um löglegan handveðsrétt yfir ábreiðunum hafi verið að ræða, sem hann mótmælir, hafi Ólafur Gíslason & Co. þó farið ólöglega að, er það tók ábreiðurnar til eignar skv. virðingarverði, þar eða það hafi ekki áður gert stefndum aðvart skv. 1. gr. laga nr. 18 frá 1887, eða boðið honum að leysa til sín ábreiðurnar fyrir virðingarverð. Telur stefndur að af þessum sökum eigi stefnandi engar kröfur á hendur sér, heldur eigi hann margvislegar kröfur á hendur stefnanda, en engar gagnkröfur hefir hann gert í málinu, hvorki til skuldajafnaðar né sjálfstæðs dóms.

Um þá vörn stefnds, að handveðsréttur fyrir ábreiðunum hafi ekki verið stofnaður, er það að segja, að með skuldabréfinu frá 14. júní 1931 setur stefndur Ólafi Gísla-

syni & Co. ábreiðurnar að handveði. Var firmanu því heimilt að taka ábreiðurnar í vörzlur sínar til þess að handveðsrétturinn stofnaðist, og verður eigi á það fallið, að réttur firmans til þess hafi fallið niður við drátt þann, er á því varð að vörzluskiptin færu fram, þar eð það ekki er skilyrði til þess, að löglegur handveðsréttur stofnist að vörzluskiptin fari fram um leið og handveðssamningurinn er gerður, né innan ákveðins frests þar frá. Það að stefndur greiðir firmanu all-verulegar afborganir af skuldinni eftir að vörzluskiptin urðu, verður einnig að teljast fullkomin viðurkenning á handveðsrétti firmans.

Hvað þá vörn stefnds snertir, að ábreiðurnar hafi orðið fyrir skemmdum í vörzlum firmans, er það að segja, að stefndur hefir hvorki sannað, gegn mótmælum stefnanda að um vangeymslu á ábreiðunum hafi verið að ræða, né gert neina gagnkröfu út af skemmdunum á ábreiðunum. Verður stefndur því eigi heldur sýknaður af þeirri ástæðu.

Eigi verður sýkna stefnds heldur byggð á því að Ólafur Gíslason & Co. hafi farið ólöglega að er það tók ábreiðurnar til eignar. Firmað tók ábreiðurnar til eignar eftir mati dómkvaddra manna, sem eigi heldur hefir verið mótmælt sem röngu en skv. 22. kap. kaupabálks Jónsbókar er handveðshafa, er hin veðtryggða krafa er í eindaga fallin, og veðsali hefir verið krafinn um skuldina með þeim árangri að full greiðsla hefir eigi fengizt, heimilt að taka veðið til eignar eftir skynsamra manna virðingu, án þess að gera veðsala frekar aðvart eða bjóða honum að leysa út veðið með virðingarverði.

Stefndur hefir mótmælt sérstaklega sem of háum fyrrnefndum innheimtulaunum til lögfræðinganna Ingólfs Jónssonar og Óskars Borg, en þar sem stefndur hefir hvorki krafizt þess að skuld sín við stefnanda yrði fyrir þessar sakir færð niður um ákveðna upphæð, eða upphæð tiltekna eftir mati dómarans, er eigi unnt að taka mótmæli þessi til greina.

Skv. þessu ber að taka til greina kröfu stefnanda um að stefndur verði dæmdur til að greiða sér krónur 1109,10 með 7% ársvöxtum frá 14. júní 1931 til greiðsludags.

Kröfu stefnanda um vexti af þeim upphæðum, sem stefndi hefir greitt er hinsvegar eigi unnt að taka til greina,

þar eð stefnandi hefir eigi upplýst nægilega glöggst hvenær greiðslurnar hafa farið fram.

Kröfur stefnanda um greiðslu á afsagnarkostnaði, matskostnaði og málskostnaði ber einnig að taka til greina, þó þannig að málskostnaðurinn þykir hæfilega ákveðinn kr. 75.00 með tilliti til þess, að stefndum hafa verið reiknuð innheimtulaun af þeim hluta skuldarinnar, sem greiddur er, talsvert hærri en eftir venjulegum taxta.

Að dómur í máli þessu hefir eigi verið kveðinn upp fyrr en nú, stafar af ýmiskonar embættisönnum dómarans.

Miðvikudaginn 29. janúar 1936.

Nr. 185/1934. Dánarbú Sigfúsar Sveinssonar

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

bæjarstjórn Neskaupstaðar

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Lögtak fyrir húsaskatti og útsvari.

Úrskurður fógetaréttar Neskaupstaðar 18. okt. 1934:
Umbeðin lögtaksgerð fyrir kr. 7125.02 hjá Sigfúsi Sveinssyni á fram að ganga.

Dómur hæstaréttar.

Með fógetaréttarúrskurði, gengnum í fógetarétti Neskaupstaðar hinn 18. október 1934, var úrskurðað, að lögtak skyldi fram fara hjá Sigfúsi kaupmanni Sveinssyni fyrir kr. 7125.02, en þá fjárhæð taldi bæjarstjórn Neskaupstaðar nefndan kaupmann skulda vegna ógreidds útsvars og húsaskatts 1934 og hafði beiðzt lögtaks fyrir henni. Samdægurs úrskurðinum gerði fógetinn lögtak fyrir greindum gjöldum í eignum gerðarpola. Með hæstaréttar-